

Til þeirra sem málið varðar

Eyjafjarðarsveit, 30 nóvember 2022

Efni: Breytingar á móttökugjöldum hjá Moltu ehf.

Ný gjaldskrá Moltu ehf er eftirfarandi og mun taka gildi frá 1. Janúar 2023.

Skilgreining	Kr/kg án vsk.
Matarleifar sérsafnað frá heimilum	27
Matarleifar sérsafnað frá eldhúsum og fyrirtækjum	27
Matvæli í umbúðum	33
Sláturúrgangur	25
Blóð	25
Hreint kurlað timbur	3,5
Kurlaðar trjágreinar	3,5
Ölgerðarhrat	3,5
Hrossatað	3,5
Pappír og dagblöð (ókurlað)	13

Nánari skilmálar gilda fyrir móttöku sem eru birtir í fylgiskjali og á heimasíðu Moltu, [www.molta.is](http://www.molta.is).  
Nýjustu skilmálar gilda um móttöku hverju sinni.

Með kveðju

Fh. Stjórnar Moltu ehf.  
Ketill Jól Sigurðsson

Framkvæmdastjóri  
Kristján Ólafsson

## Skilmálar í gildi frá 1. janúar 2023.

Viðskiptavinur skal sjá um að skilað hráefni sé rétt flokkað og hæft til úrvinnslu hjá Molta.

## Matarleifa sérsafnað

<https://www.molta.is/is/moltan/heimilin>

Matarleifar skulu vera flokkaðar og án aðskotahluta eða mengandi efna samkvæmt flokkunarleiðbeiningum frá Molta (sjá tengil)

Ef mikið er um aðskotahluti í farmi áskilur Molta sér rétt til að hafna farmi eða leggja sérstakt álagsgjald 30% af gjaldi vegna farms þó að lágmarki 50.000 kr.

## Matvæli í umbúðum

Þessi flokkur er hugsaður fyrir t.d. útrunnin matvæli í umbúðum frá verslunum. Hér er leyfilegt að matvælin séu í plast eða pappumbúðum. Engar aðrar umbúðir eru leyfilegar svo sem málmar og gler. Engir aðrir aðskotahlutir mega vera með hér.

## Sláturúrgangur og blóð

Með sláturúrgangi er átt við allt hráefni frá sláturdýrum hvort sem er frá sláturhúsum eða kjötvinnslum.

Úrgangshafi skal tryggja að aðeins sé afhentur úrgangur úr 3. áhættuflokki nema innihaldi meltingarvegar og búfjáraþurði sem eru í 2 áhættuflokki. Bílstjóri skal afhenda vottorð því til staðfestingar ásamt þyngd fyrir losun.

Sláturúrgangurinn skal vera hreinn – það er laus við alla aðskotahluti. Ef aðskotahlutur til dæmis járn veldur bilun eða skemmdum á búnaði Molta áskilur Molta sér rétt til að rukka aukagjald sem taki mið af kostnaði við útbætur.

## Kurlað timbur og trágreinir

Timbur sem tekið er til vinnslu skal vera hreint og laust við aðskotahluti eða annan úrgang. Timburvinnsla skal fara fram á svæði þar sem tryggt er að annar úrgangur geti ekki mengað timbrið. Partastærð skal vera að hámarki ( L x B x H í millimetrum) 100 x 12 x 12 .

Tryggja skal með sigtun eða öðrum búnaði að ekki slæðist með stærri einingar

## Ölgerðarhrat, hrossatað, pappír og dagblöð

Skal vera hreint og laus við aðskotahluti eða annan úrgang. Söfnun og ferming þessara efna skulu fara fram á svæði þar sem tryggt er að annar úrgangur geti ekki mengað hann.

## Vigtun og mæling

Allt sem skilað er inn þarf að koma með vigtarseðli frá löggiltri vog, annars er heimilt að vísa farmi á brott.